

Alþingi  
Erindi nr. P 137/251  
komudagur 18.6.2009



Alþingi  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík - stofnanir

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 12.06.2009  
Tilv. 2009/1017 - 0.0.01  
TA


**Efni: Umsögn Neytendastofu - umsókn um aðild að Evrópusambandinu 38. og 54. mál**


Neytendastofa þakkar fyrir bréf yðar dags. 2. júní s.l. þar sem óskað er eftir umsögn hennar um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu (38. mál, aðildarumsókn að Evrópusambandinu og 54. mál, undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu). Með bréfi þessu vill Neytendastofa leggja fram upplýsingar og umsögn varðandi framangreind mál.

Neytendamál er að finna í viðauka 19 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Í viðaukanum er að finna vel flestar ef ekki allar tilskipanir sem gilda um réttindi og öryggi neytenda á EES-svæðinu og hafa þær verið lögleiddar hér á landi. Viðtæk réttareining er því nú þegar milli Íslands og annarra ríkja Evrópusambandsins á sviði neytendamála að því er varðar lagaleg réttindi þeirra í viðskiptum og öryggi fyrir líf og heilsu neytenda. Auk þess tekur Neytendastofa virkan þátt í samstarfi eftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og skylt er að gera samkvæmt reglum og ákvæðum tilskipana og alþjóðaskuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Á nokkrum málefnasviðum gilda þó ekki reglur Evrópusambandsins hér á landi eins og kunnugt er. Hér má nefna til að mynda frelsi til innflutnings á búvörum. Ísland fellur auk þess utan við sameiginlegt tollabandalag með þeim áhrifum að í mörgum tilvikum eru gjaldtöku á neytendavörum hér á landi hagað með öðrum hætti en gildir samkvæmt reglum Evrópusambandsins.

Í þingsályktunartillögunum er lagt til að hafinn verði undirbúningur að viðræðum um aðild að Evrópusambandinu þó með ólíkum hætti sé. Neytendastofa telur að hvor leiðin sem verði valin þá sé samkvæmt framansögðu ljóst að verulegur hluti af löggjöf Evrópusambandsins er varðar neytendamál er nú þegar lögfestur hér á landi og má því ætla að aðildarumsókn hafi ekki mikil efnisleg áhrif á réttarstöðu neytenda samkvæmt gildandi rétti. Meðfylgjandi er einnig nýlegur upplýsingabæklingur sem gefinn hefur verið út um réttindi neytenda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

  
Þórunn Anna Árnadóttir